

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti eftirfarandi á fundi sínum 7. október 2021:

*Breyting á deiliskipulagi 2. og 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts vegna svæðis við Brekkugötu og Dyngjugötu.*

Breytingartillagan gerir ráð fyrir að afmörkun deiliskipulagssvæðis breytist lítillega og mörk milli 2. og 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts verða samræmd. Bráðabirgðaútfærsla með snúningshaus í Dyngjugötu og Brekkugötu fellur niður. Brekkugata og Dyngjugata tengjast Urriðaholtsstræti með deiliskipulagi 3. áfanga, norðurhluta Urriðaholts. Breyting er gerð á fyrirkomulagi bílastæða og gangstéttar vegna samræmingar milli 2. og 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts. Fyrirhuguð gatnatenging Brekkugötu frá 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts færirst til.

*Hraunhólar 8, breyting á deiliskipulagi Hraunsholts eystra.*

Breytingartillagan gerir ráð fyrir að lóðin Hraunhólar 8 skiptist í tvær lóðir.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti eftirfarandi á fundi sínum 3. febrúar 2022:

*Lindarflöt 44, breyting á deiliskipulagi Flata.*

Breytingartillagan gerir ráð fyrir stækkun á byggingarreit.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti eftirfarandi á afgreiðslufundi 29. desember 2021 í samræmi við viðauka við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017:

*Sunnuf্লöt 3, breyting á deiliskipulagi Flata.*

Breytingartillagan gerir ráð fyrir stækkun á byggingarreit til suðurs.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti eftirfarandi á afgreiðslufundi 8. febrúar 2022 í samræmi við viðauka við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017:

*Prastarlundur 1, breyting á deiliskipulagi Lunda.*

Breytingartillagan gerir ráð fyrir stækkun á byggingarreit til austurs.

*Hólmatún 6, 8, 10, og 10a, breyting á deiliskipulagi Deildar og Landakots (deiliskipulag í fyrrum Bessastaðahreppi).*

Breytingartillagan gerir ráð fyrir að nýtingarhlutfall raðhúsalóða hækki og verði 0,57 á lóð númer 8 og 0,56 á lóð númer 10.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti eftirfarandi á fundi sínum 3. mars 2022:

*Kaldakur 5, breyting á deiliskipulagi Flata.*

Breytingartillagan gerir ráð fyrir stækkun á ytri byggingarreit.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 5. apríl 2022.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.